



NORRÆNA
FÉLAGIÐ

Norræna félagið á Höfuðborgarsvæðinu

Skýrsla stjórnar 2022 – 2023

Norræna félagið á Höfuðborgarsvæðinu - Höfuðborgardeild - er sjálfstætt félag innan Norræna félagsins á Íslandi og er með eigin stjórn, sjálfstæðan fjárhag og sérstakar samþykktir. Deildin varð til við sameiningu félagsdeilda Norræna félagsins í Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og Mosfellsbæ 18. júní 2020

Aðalfundur deildarinnar var haldinn 1. apríl 2022.

Kosning stjórnar:

Formaður: Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir kosin til tveggja ára

Stjórnarmenn: Sigrún Einarsdóttir varaformaður
Hildur Helga Gísladóttir gjaldkeri
Sólveig Skaftadóttir ritari
Tryggvi Felixson meðstjórnandi
Elín Oddný Sigurðardóttir meðstjórnandi
Erling Hjelm Kjærbo meðstjórnandi

Varamenn: Iris Dager
Helga Vollertsen
Oddný Óskarsdóttir

Pétur Þorsteinsson skoðunarmaður reikninga.

Fundir

Stjórnin hélt 9 hefðbundna fundi á árinu. Auk þess voru haldnir þrjú sameiginlegir fundir með afmælisnefnd til að undirbúa afmælishátíð og höfuðborgarmót.

Norrænar höfuðborgardeildir héldu þrjú fundi á starfsárinu til að ræða höfuðborgarmót og framtíðar samstarf.

Viðburðir

Viðburðir voru nokkrir á árinu. Deildin stóð ein að sumum en aðrir voru skipulagðir í samstarfi við 100 ára afmælisnefnd Norræna félagsins og/eða Norræna félagið á Íslandi.

29. apríl 2022

Norrænt þöbbkviss haldið í húsnæði Norræna félagsins.

Yfirskrift: Hvað veistu um Norðurlöndin? Inga Auðbjörg Straumland sá um að semja spurningar og var spyrill.

31. maí 2022

Norrænn afmælis- og vinabæjarlundur. Í samstarfi við Kópavogsbæ og afmælisnefnd stóð Höfuðborgardeildin fyrir stofnun norræns vinabæjarlundar. Reiturinn er um 400 m² og er á mótis við Fossvogsskóla við enda Álfatúns í Kópavogi. Fræðsla um Norðurlönd er tengd lundinum. Ábyrgðarmaður verkefnisins var Tryggvi Felixson

Tegundir í lundinum:

- Hafþyrnir – fyrir Álandseyjar
- Beyki – fyrir Danmörku
- Hengibjörk – fyrir Finnland
- Rjúpnaviðir fyrir Grænland (*salix glauca*)
- Gulvíðir (brekkurvíðir) – fyrir Færeyjar

- Birki (embla) – fyrir Ísland
- Rauðgreni – fyrir Noreg
- Skógarfura – fyrir Svíþjóð

14. júní 2022 Hádegisfundur. Björn Bjarnason fyrrv. ráðherra og Baldur Þórhallsson prófessor í stjórnmálafræði ræddu afleiðingar þess fyrir stöðu Norðurlanda á sviði varnarmála að Svíþjóð og Finnland hafa sótt um aðild að NATO og Danir hafa samþykkt að taka þátt í varnarsamstarfi Evrópusamstarfsins. Bogi Ágústsson fréttamaður stjórnaði umræðunum.
16. ágúst 2022 Norrænn afmælis- og vinabæjarlundur. Framhaldsgróðursetning.
22. ágúst 2022 Norrænt tungumálakaffi á menningarnótt.
7. sept. 2022 Heimsókn félaga frá Norræna félaginu í Gävle og Piteå, Svíþjóð.
- 29.9. – 1.10. 2022 Höfuðborgarmót. 45 gestir frá öllum Norðurlöndunum tóku þátt.
29. sept. 2022 Höfuðborgarmót/afmælishátið. Vígsla norræna afmælis- og vinabæjarlundarins. Í samstarfi við afmælisnefnd Norræna félagsins.
30. sept. 2022 Höfuðborgarmót/afmælishátið. Ráðtefna – Ný tækifæri í norrænu samstarfi.
Dagskrá:
1. Árangur norræns samstarfs fyrir Norðurlöndin. Vision 2030
2. Varnar- og öryggismál á Norðurlöndum
3. Norðurskautssvæðið og Norðurlönd
Ráðstefnustjóri var Bogi Ágústsson fréttamaður og fyrrverandi formaður Norræna félagsins.
Fyrirlesarar og þátttakendur í pallborðsumræðum:
Björn Bjarnason – fyrrverandi ráðherra og alþingismaður
Inga Dóra Markussen – formaður Nuuk-deildar Siunut-flokksins á Grænlandi
Kristina Háfoss – framkvæmdastjóri skrifstofu Norðurlandaráðs
Hrannar Björn Arnarson formaður Norræna félagsins
1. október 2022 Höfuðborgarmót. Dagsferð um höfuðborgarsvæðið.
- Heimsókn í Gljúfrastein og Álafosshvosina. Safnið og Mosfellsbær sáu um móttöku. Hildur Helga Gísladóttir sá um veitingar í Álafosshvosinni á vegum Höfuðborgardeildar.
 - Heimsókn í Hafnarborg. Hafnarfjarðarbær tók á móti ásamt sænska sendiherranum sem sagði frá sýningu á 20 grafíkmyndum tengdri Solander- verkefninu: Solander 250. Bréf frá Íslandi.
 - Heimsókn á Bessastaði og í Bessastaðikirkju. Sif Gunnarsdóttir forsetaritari tók á móti hópnunum.
 - Minningarreiturinn í Vatnsmýrinni heimsóttur.
 - Norræna húsið. Sabina Westerholm forstjóri hússins tók á móti.
 - Lokahóf Höfuðborgarmóts í Iðnó.
9. febrúar 2023 Höfuðborgardeild í samstarfi við Norræna félagsin og UngNorræn tók á móti starfsnemum norrænu sendiráðanna oög norræna hússins í húsnæði félagsins að Óðinsgötu 7.

18. febrúar 2023 Norrænt þorrablot. Skipulagt í samstarfi við Norræna félagið í Garðabæ og Norræna húsið. Blásið af vegna lélegrar þátttöku. Deildirnar stefna að frekara samstarfi.
23. mars 2023 Dagur Norðurlanda. Dagskrá í Norræna húsinu í samstarfi við Norden í fokus, Norræna húsið og Norræna félagið á Íslandi.
30. mars 2023 Kynningarfundur um kosningar í Finnlandi 2. apríl 2023. Auðunn Atlason sendiherra Íslands í Finnlandi 2020 – 2022 og alþjóðafulltrúi forsætisráðuneytisins fjallaði um stöðuna í finnskum stjórnmálum á þessum örlagaríku tímum. Finnar standa nú á tímamótum þar sem aðild þeirra að NATÓ hefur verið samþykkt.
25. apríl 2023 Þöbbskviss. Norrænt Eurovision þema. Hildur Tryggvadóttir Flóvens sér um að semja spurningar og er spyrrill.
10. maí 2023 Aðalfundur Norræna félagsins á Höfuðborgarsvæðinu.

Norræna félagið á höfuðborgarsvæðinu vill þakka þeim sem studdu starfsemi deildarinnar á starfsárinu. Sérstakar þakkir fá þau fjögur sveitarfélög sem starfssvæðið nær yfir en þau veittu fjárhagslegan stuðning (Reykjavík), tóku höfðinglega á móti gestum Höfuðborgarmóts (Mosfellsbær og Hafnafjörður) og gáfu land, vinnu og efni við gerð norræns vinalundar í Fossvogsdal (Kópavogur).

Hafnarfirði, 10. maí 2023

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir
formaður Norræna félagsins á Höfuðborgarsvæðinu.